



Sólvallagötu 6a 230 Keflavík
Sími: 420 1450 Fax: 420 1459
Netfang: mylla@myllubakkaskoli.is

Myllan

FRÉTTABRÉF

2. tbl. 26. árgangur maí 2010

Í þessari Myllu


Lagaperlur Disney
Styrkur til bókasafnsins
Íþróttadagur
Starfskynning og fótboldaleikur
Sumarlestur
Foreldrafélagið
Samstarfsverkefni
7. bekkur í Reykjaskóla
Að heilsast og kveðjast..
Vorferð hjá 10. bekk
Vorferðir
Bekkjamyndir
Skólaslit

Lagaperlur Disney

Haldnir voru þrennir tónleikar á sal Myllubakkaskóla í maí. Nemendur skólans ásamt fyrrum nemendum sungu Disney lög og varð úr hin besta skemmtun. Það var einstaklega gaman að sjá hve margir nemendur geta sungið vel og voru vel undirbúnir. Kennararnir Íris Dröfn og Þorvarður áttu frumkvæðið að sýningunum og eiga þau hrós skilið fyrir skemmtilega tónleika. Allur ágóði af sýningunni fór til kaupa á tækniúnaði fyrir komandi sýningar skólans.



Styrkur til bókasafnsins



Í viku bókarinnar sem fram fór dagana 21. til 27. apríl síðastliðinn var efnt til átaks til eflingar á skólabókasöfnum á Íslandi. Ákveðin upphæð af hverri notaðri gjafaávisun fór í sérstakan Skólasafnasjóð sem síðan veitti styrki til skólabókasafna. Myllubakkaskóli var einn af þeim heppnu og fékk úthlutað styrk til bókakaupa að upphæð 30.000 kr. Þessi styrkur verður notaður til að kaupa bækur á bókasafn skólans.

Íþróttadagur



Íþróttadagur Myllubakkaskóla verður föstudaginn 28. maí. Nemendur mæta í heimastofur kl. 8:10 þar sem tekið verður manntal og farið yfir hvað er í boði. Um kl. 8:30 verður gengið af stað í Reykjaneshöllina. Þar verður hægt að taka þátt í ýmsum þrautum og leikjum eins og húllakeppni, boccia, frisbee, hrey stiggreip og mörgu öðru. Hoppukastali verður á staðnum og hver árgangur fær úthlutað ákveðnum tíma í honum. Klukkan 10:30 lýkur dagsskránni í Reykjaneshöllinni og þá er haldið aftur í Myllubakkaskóla og grillaðar pylsur sem nemendur hafa með sér. Boðið verður upp á tómatsósu, steiktan lauk og sinnep.

Starfskynning og Fótboltaleikur


Eftir annasama námsmatsviku halda elstu nemendur skólans í starfskynningu í tvo daga. Einn fer í sauðburð, annar á bifreiðaverkstæði, þriðji í kennslu, fjórði á Stöð 2, sport o.s.frv. Að kynningu lokinni koma nemendur aftur í skólann og segja samnemendum frá því sem á daga þeirra dreif. Hætt er við að síðan taki alvaran við á ný því kennarar munu enn einu sinni fara á kostum á skotskónum, í knattspyrnuleik við 10. bekkinga. Kennarar hafa aldrei tapað fyrir nemendum og gera það örugglega ekki í ár. Leikurinn verður 27. maí, kl. 9:50.



Sumarlestur

Myllubakkaskóli og Bókasafn Reykjaneshæjar verða í samstarfi með sumarlestur. Í skólalok fá nemendur skráningarkort þar sem þeir skrá allar þær bækur sem þeir lesa yfir sumarið. Skráningarkortið gildir bæði fyrir skólann og á Bókasafni Reykjaneshæjar. Kortinu er síðan skilað inn til umsjónarkennara í skólabyrjun næsta haust og veitir skólinn viðurkenningu til þeirra nemenda sem tekið hafa þátt í sumarlestrinum.

Foreldrafélagið



Nú þegar þessu skólaári er að ljúka vill stjórn FFM þakka samstarfið í vetur. Stjórn FFM eru fulltrúar foreldra barna við skólann og tengiliður við skólastjórnendur. Eins og fram kom á aðalfundi félagsins, nú í maí, kom félagið að ýmsum málum í vetur. Á heimasíðu skólans undir lið FFM má lesa skýrslu formanns, ásamt öðru sem nýttast má foreldrum. Stjórnin vill þakka öllum starfsmönnum skólans, fyrir jákvæð samskipti og óeigingjarna vinnu í þágu nemenda í vetur. Sérstaklega vill hún þakka Brynju Árnadóttur skólastjóra fyrir mjög gott samstarf undanfarin ár og óskar henni velfarnaðar. Við hlökkum til næsta vetrar og næstu verkefna.

Stjórn FFM

Vinsamlegast skilið öllum
bókasafns- og námsbókum fyrir
sumarfrí.

Samstarfsverkefni við Stóru-Vogaskóla

Myllubakkaskóli ásamt Stóru-Vogaskóla fékk styrk frá Menningarráði Suðurnesja til að vinna að skúlptúrverkum. Í vor hafa 15 nemendur úr 4. - 9. bekk unnið að vinna að þessum skúlptúrum ásamt verkmenntakennurum skólans. Verkin eru unnin með efnum og aðferðum textíla og smíða. Nemendur skólanna hafa farið saman á listasöfn og heimsótt hverja aðra. Verkin munu síðan verða sett upp við skólann og fá að vera þar í sumar.

7. bekkur í Reykjaskóla

Víkuna 17. - 21. maí dvöldu nemendur 7. bekkja í Skólabúðunum í Reykjaskóla. Mikill spenningur var fyrir ferðina og má segja að okkar nemendur hafi alls ekki orðið fyrir vonbrigðum. Það var vel tekið á móti þeim, góður aðbúnaður og spennandi dagskrá. Hluti af því að vera í skólabúðum er að búa á heimavist og gæta farangurs síns en það krefst bæði sjálfstæðis og ábyrgðar. Nemendur Myllubakkaskóla voru þrúðir og kurteisir með eindæmum og nutu dvalarinnar til hins ítrasta. Vikan var fljót að líða enda mikið um að vera alla dagana.



Að heilsast og kveðjast, það er lífsins saga

Þegar þessu skólaári lýkur mun ég kveðja skólann og við tekur nýr skólastjóri, Guðrún Snorradóttir. Guðrún hefur nú þegar heilsað upp á starfsfólk skólans og skoðað skólahúsnæðið. Guðrún útskrifaðist sem stúdent frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja þannig að hún er ekki ókunnug okkar bæjarfélagi. Um leið og ég býð Guðrúnu velkomna til starfa þá þakka ég nemendum, foreldrum og starfsmönnum skólans samstarfið á liðnum árum. Ég kveð skólann minn og óska honum alls hins besta á komandi árum.

Brynja Árnadóttir skólastjóri

Vorferð hjá 10. bekk

Mánudaginn 31. maí heldur 10. bekkur af stað í fjögurra daga vorferð í Öræfasveitina. Nemendur ætla að fara í flúðasiglingu, klettaklifur og sig, sigla á Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi, heimsækja skúma og lunda í Ingólfshöfða og skoða Skaftafell. Eflaust ekur Ingiber, einkabílstjóri skólans, öllum hópnum í sund í nýju sundlaugina að Höfn í Hornafirði og í sveitalaugina í Svínafelli. Það verður sennilega fróðlegt en um leið nokkuð óhugnanlegt að aka í gegnum öskusvæðið á Suðurlandi en ennþá hefur öskufallið ekki gert usla í Öræfasveitinni og vonandi hvílir blessun áfram yfir svæðinu.

Þegar heim er komið verður farið í hina árlegu ísferð vorsins, tekið til í skólastofunum því nú er komið að síðasta skóladegi grunnskólans, í Myllubakkaskóla.

Við skólaslitin rennur svo kveðjustundin upp og nemendur halda á vit nýrra tækifæra.

Vorferðir

Mæting í heimastofur kl. 8:10

1. og 2. bekkur

Fara og skoða Stekkjarkot og Landnámsdýragarðinn við Víkingaheima. Einnig ætla þau að fara í fjöruferð á Garðskaga.

Farið verður þriðjudaginn 1. júní og er verð 200 kr.

3. og 4. bekkur

Ferð um Reykjanesið. Stoppað verður við Reykjanesvita, brúna milli heimsálfa og við Svartsengi.

Farið verður fimmtudaginn 3. júní og er verð 500 kr.

5. - 6. bekkur

Ferð til Reykjavíkur/Heiðmörk og farið í sund.

Farið verður fimmtudaginn 3. júní og er verð 500 kr.

7. - 8. bekkur


Ferð á höfuðborgarsvæðið. Komið við í Nauthólsvík og í sundlauginni á Álftanesi.

Farið verður miðvikudaginn 2. júní og er verð 500 kr.

9. bekkur

Ferð til Stokkseyrar og Eyrarbakka. Nemendum gefst kostur á að fara á kajak.

Farið verður þriðjudaginn 1. júní og er verð 800 kr.



Vinsamlegast kíkið á óskilamuni áður en þið farið í sumarfrí. Úlpur, ípróttapokar, vettlingar og fleira fylla nú kassa undir óskilamuni.

Bekkjarmyndir

Undanfarna daga höfum við verið að taka bekkjarmyndir. Nemendur geta keypt mynd og kostar hún 200 kr. Við fengum Oddgeir Karlsson til að taka mynd af 10. bekknum og kostar sú mynd 1500 kr. Við viljum biðja þá sem ætla að kaupa mynd að greiða fyrir hana í síðasta lagi þriðjudaginn 25. maí.

Skólaslit

Skólaslit Myllubakkaskóla fara fram á sal skólans þriðjudaginn 8. júní.


Nemendur mæti sem hér segir:

1., 2., 3. og 4. bekkur kl. 9:00

5., 6. og 7. bekkur kl. 10:30

8., 9. og 10. bekkur kl. 12:00

Foreldrar eru hjartanlega velkomnir.



Mánudaginn 7. júní er starfsdagur kennara. Þá eru nemendur í fríi.